

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra.

Fyrir opinn bát	kr. 52.00
Fyrir opinn bát með vél	— 94.00
Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	— 168.00
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml.	— 210.00
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml.	— 282.00
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml.	— 324.00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml.	— 482.00
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml.	— 544.00
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri ..	— 680.00

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti, fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 105.00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 50.00 hjá umbiðjanda vottorða vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 368 27. ágúst 1979, um laun skipa-skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 16. júlí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um gjald yfir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	570.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	200.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	200.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	200.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	—	40.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	260.00
7. Fyrir fjármark	—	50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ..	—	30.00
9. Fyrir innköllun	—	260.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	100.00
11. Fyrir ógildingarstefnu	—	260.00
12. Fyrir dómsbirtingu	—	260.00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim. ..	—	150.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 24.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. ágúst 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 237 12. maí 1981 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.